

Nd.

458. Nefndarálit

[184. mál]

um frv. til l. um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að námsstyrkir falli að mestu niður, en stóraukin lán komi í þeirra stað. Um þetta atriði hafa reynzt vera mjög skiptar skoðanir. Bæði háskólaráð og stúdentar við Háskóla Íslands hafa mælt með samþykkt frv. óbreytts, en stúdentar á nokkrum stöðum erlendis hafa eindregið mælt til, að styrkjunum verði haldið.

Með tilliti til þessa tók hæstv. menntamálaráðherra málið til endurskoðunar og flutti á þskj. 439 brtt. Þess efnis, að styrkir skuli haldast, en lánakerfið endurskipulagt og stóraukið, eins og frv. gerir ráð fyrir. Í fylgiskjali með þessu nál. er gerð grein fyrir, hvaða áhrif þessi breyting mundi hafa á fjárhag og lánamögu-leika sjóðsins.

Menntamálanefnd mælir einróma með samþykkt brtt. á þskj. 439 og að þeim samþykktum með frv. svo breyttu.

Alþingi, 7. marz 1961.

Benedikt Gröndal, Ragnhildur Helgadóttir, Helgi Bergs.
form., frsm. fundaskr.

Jón Kjartansson. Geir Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Þess hefur verið óskað, að veitt væri svar við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða áhrif hefur það á meðallánsupphæð áætlunarinnar, ef „dreifðu styrkirnir“ yrðu látnir halda sér?
2. Hvaða áhrif hefur það á lánsfjárförf hins fyrirhugaða lánasjóðs, ef „dreifðu styrkirnir“ væru látnir halda sér?

Svar við fyrri spurningunni er að finna á töflu I. Upphæð sú, sem varið var í „dreifðu styrkina“ á s. l. ári, mun hafa verið kr. 1375000.00, ef gengið er út frá

fjárlögum þess árs. Ef þeirri upphæð yrði varið til óendurkræfra styrkja á þessu ári (og samsvarandi upphæð á næsta og næstu árum), mundi þessar þegar fara að gæta á árinu 1964 í minnkandi tekjum vaxta og afborgana. Í dálki 2 í töflunni eru sýndar þær upphæðir ár hvert, sem sjóðurinn mundi missa af tekjum sínum. Í dálki 3 hefur upphæðinni í dálki 2 verið deilt með námsmannatölunni það ár.

Í dálki 4 er meðaltalsupphæð „dreifðu styrkjanna“ á námsmann, þ. e. áður-nefndar kr. 1375000.00 deildar með áætlaðri tölu námsmanna, er styrks njóta á þessu ári, þ. e. 435, sem gerir kr. 3160.00. Gert er ráð fyrir, að sú upphæð haldist óbreytt. Í dálki 5 er svo meðallánsupphæð á námsmann, eins og hún yrði á þessu ári, ef „dreifðu styrkjunum“ væri haldið. Tölurnar í þessum dálki (nr. 5) sýna, hvað eftir yrði af fé til þess að lána ár hvert, þegar búið væri að veita styrkina og standa auk þess undir skuldbindingum við banka um greiðslu þeirra vaxta og afborgana, sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Í dálki 6 eru svo samanlagðar upphæðir styrkja og lána ár hvert.

Lækkun námslánanna nemur tæpri 41 milljón á öllu tímabilinu, eða kr. 2558.00 að jafnaði á ári á námsmann.

Í töflu II er að finna svar við síðari spurningunni.

Ef halda á meðalupphæð samanlagðra styrkja og lána í kr. 25000.00 á námsmann, verður nauðsynlegt að taka að láni fé til þess að bæta sjóðnum upp tekjumissinn. Árlegar upphæðir, sem sjóðurinn þarf að taka að láni (til viðbótar því fé, sem áætlunin gerir ráð fyrir), eru sýndar í dálki 1, en það eru að sjálfsögðu sömu tölurnar og í dálki 2 í töflu I. Þetta viðbótarfé hefur sjóðurinn enga möguleika á að greiða jafnóðum, og hleðst það því upp sem skuld, sem í árslok 1985 er með 8% vöxtum p.a. orðin rúmar 68 milljónir.

Einnig hefur verið gerð áætlun um þessa viðbótaraskuld með 7% vöxtum p.a., og er hún orðin 63.7 milljónir í lok þessa tímabils.

Tafla I.

	Tala náms- lána	Tekjumissir alls	Pr. námsmann	Styrkur	Lán	Alls
	1	2	3	4	5	6
1961	435	—	—	3160	21840	25000
1962	456	—	—	3160	21840	25000
1963	477	—	—	3160	21840	25000
1964	495	27375	55	3160	21785	24945
1965	516	83850	163	3160	21677	24837
1966	534	167100	313	3160	21527	24687
1967	555	281057	506	3160	21334	24494
1968	573	426705	745	3160	21095	24255
1969	600	578401	964	3160	20876	24036
1970	621	738368	1189	3160	20651	23811
1971	642	908794	1416	3160	20424	23584
1972	666	1092507	1640	3160	20200	23360
1973	687	1291398	1880	3160	19960	23120
1974	711	1505973	2118	3160	19722	22882
1975	732	1737015	2373	3160	19467	22627
1976	756	1984148	2625	3160	19215	22375
1977	780	2246579	2880	3160	18960	22120
1978	801	2520601	3147	3160	18693	21853
1979	825	2803455	3398	3160	18442	21602
1980	852	3077353	3612	3160	18228	21388
1981	876	3347727	3822	3160	18018	21178

	Tala náms- lána	Tekjumissir alls	Pr. námsmann	Styrkur	Lán	Alls
	1	2	3	4	5	6
1982	900	3613562	4015	3160	17825	20985
1983	924	3872604	4191	3160	17649	20809
1984	951	4143170	4357	3160	17483	20643
1985	978	4419254	4520	3160	17320	20480

40867005

Tafla II.

	Höfuðstóll	Vextir 8% p.a.	Heildarskuld
	1	2	3
1961	-	-	-
1962	-	-	-
1963	-	-	-
1964	27375	-	27375
1965	83850	2190	113415
1966	167100	9073	289588
1967	281057	23167	593812
1968	426705	47505	1068022
1969	578401	85442	1731865
1970	738368	138549	2608782
1971	908794	208703	3726279
1972	1092507	298102	5116888
1973	1291398	413220	6821796
1974	1505973	545744	8873513
1975	1737015	709881	11320409
1976	1984148	905633	14210190
1977	2246579	1136815	17593584
1978	2520601	1407487	21521672
1979	2803455	1721734	26046861
1980	3077353	2083749	31207963
1981	3347727	2496637	37052327
1982	3613562	2964186	43630075
1983	3872604	3490406	50993085
1984	4143179	4079447	59215711
1985	4419254	4737260	68372225

Samtals kr. 40867005

27505220